

tap megi yfirfæra milli skattaðilja, verður að vísa á bug mót-mælum gerðarbola gegn réttmæti tekjuskattsálagningar.

Verður umbeðið lögtak látið ná framgangi til tryggingar kr. 522.145.00 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 1. janúar 1971 til greiðsludags svo og til tryggingar öllum kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til þess kemur.

Úrskurða ber málskostnað á hendur gerðarbola. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 70.000.00.

Því úrskurðast:

Að kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð fer fram lögtak í eignum gerðarbola til tryggingar kr. 522.145.00 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 1. janúar 1971 til greiðsludags svo og til tryggingar kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 70.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. október 1973.

Nr. 84/1972: Kaupfélag Suður-Borgfirðinga og
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
Samband íslenzkra samvinnufélaga
 (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
 gegn
Helga Bergþórssyni og gagnsök
 (Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason, prófessor Gaukur Jörundsson og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. júní 1972. Aðaláfrýjandi Samband

íslenzkra samvinnufélaga hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 4. júlí 1972. Báðir aðaláfrýjendur krefjast sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 11. júlí 1972. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 528.722.80 með 7% ársvöxtum frá 10. janúar 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi fallið frá kröfu sinni um, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Arnarfelli.

Atvik slyssins eru greind í héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega á það fallast, að skipverji sá, sem stjórnaði vindum skipsins, hafi dregið vindubyrðina of hratt og óvarlega upp úr lestinni í umrætt sinn.

Starfsmaður aðaláfrýjanda Kaupfélags Suður-Borgfirðinga hafði á hendi verkstjórn um borð og gaf fyrirmæli um, að 10 sekkir, samtals um 635 kg, skyldu vera í hverri vindubyrði. Hins vegar var leyfilegt burðarþol byrðarbanda þeirra, er notuð voru, eigi meiri en 625 kg. Maður sá, er verkstjórinn fól að vera á lestarverði við lest þá, sem gagnáfrýjandi starfaði í, hafði eigi unnið við þau störf áður, og var honum þó jafnframt falið að hafa á hendi talningu vara þeirra, er skipað var upp úr lestinni. Samstarfsmenn gagnáfrýjanda í lestinni hafa borið, að byrðarnar hafi yfirleitt verið dregnar hratt og gálauslega upp úr lestinni um morguninn. Verður að telja, að verkstjóra og lestarverði hafi borið að gæta þess, að vindumenn drægju upp byrðarnar með nægilegri varúð, en þeir hafi látið það undir höfuð leggjast. Verður slysið því einnig rakið til vangæzlu þeirra.

Aðaláfrýjandi Samband íslenzkra samvinnufélaga gerði m/s Arnarfell út og bar sem farmflytjanda að annast affermingu skipsins á Akranesi. Ekki eru bornar bríður á, að vindumaðurinn hafi starfað í þágu skipsins, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1963. Samkvæmt þessu og því, sem áður greinir um óvarkárni vindumanns, ber Samband íslenzkra sam-

vinnufélaga fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda án þess að athuga þurfi sérstaklega um skaðabótaskyldu þess vegna vinnubragða annarra manna, sem að affermingunni unnu.

Samband íslenzkra samvinnufélaga fól aðaláfrýjanda Kaupfélagi Suður-Borgfirðinga að annast affermingu m/s Arnarfells, en lét í té til verksins affermingartæki skipsins og áhöld sem og menn til að stjórna skipsvindum. Aðra menn, sem að affermingunni unnu, réð aðaláfrýjandi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga, hann galt þeim laun, og einn af starfsmönnum hans hafði á hendi verkstjórn við uppskipunina. Samkvæmt þessu og því, sem fyrr segir um vangæzlu verkstjóra og lestarvarðar, verður að telja, að Kaupfélag Suður-Borgfirðinga beri einnig skaðabótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda.

Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að skort hafi á aðgæzlu gagnáfrýjanda við starf sitt. Ber að staðfesta ákvæði héraðsdómsins um sakarskiptingu.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, krafðist gagnáfrýjandi í stefnu bóta að fjárhæð kr. 600.000.00. Í framhaldsgreinargerð sinni 29. september 1967 lækkaði hann bótakröfu sína í kr. 328.843.80. Á dómþingi 14. janúar hækkaði hann kröfu sína í kr. 454.607.80 með hliðsjón af nýjum örorkutjónsreikningi og kostnaði við hann.

Aðaláfrýjendur samþykktu, að þessi hækkun kæmist að í málinu án framhaldsstefnu. Kröfu sína þá sundurliðaði gagnáfrýjandi þannig:

1. Bætur fyrir tímabundna örorku að frádregnum greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins og aðaláfrýjendum	kr. 41.205.80
2. Bætur fyrir varanlega örorku	— 371.367.00
3. Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 35.000.00
4. Útlagður kostnaður	— 7.035.00

Kr. 454.607.80

Er málið var dómtekið hinn 5. apríl 1972, krafðist gagnáfrýjandi bóta að fjárhæð kr. 528.722.80. Hækkaði hann kröfu

sína um bætur fyrir varanlega örorku í kr. 444.682.00 með hliðsjón af nýjum örorkutjónsreikningi og útlagðan kostnað um kr. 800.00. Af hendi aðaláfrýjanda var þessari hækkun á kröfum mótmælt.

Um 1. og 2. kröfulið.

Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi lagt fram tvo nýja örorkutjónsreikninga Bjarna Þórðarsonar tryggingastærðfræðings, annan frá 26. febrúar 1973, þar sem hann með líkindareikningi áætlað tjón gagnáfrýjanda vegna varanlegrar örorku kr. 502.404.00, og hinn frá 24. september 1973, þar sem hann á sama hátt áætlað tjónið kr. 568.870.00. Stafa breytingar þessar af hækkun kaupgjalds.

Þegar virtar eru afleiðingar slyss þessa fyrir gagnáfrýjanda og önnur þau atriði, sem hér skipta máli, þykir rétt að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um fjárhæð þessa tjóns gagnáfrýjanda og taka þennan kröfulið til greina með kr. 360.000.00.

Um 3. kröfulið.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um þennan kröfulið og taka hann til greina með kr. 35.000.00.

Um 4. kröfulið.

Þennan kröfulið ber að taka til greina með kr. 7.035.00, en hann hefur ekki sætt andmælum.

Samkvæmt þessu telst tjón gagnáfrýjanda, sem hér skiptir máli, kr. 402.035.00. Ber aðaláfrýjendum að bæta $\frac{4}{5}$ hluta þess óskipt, eða kr. 321.628.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 90.000.00.

Mál þetta var þingfest í héraði 13. janúar 1967. Fengu umboðsmenn aðilja síðan fjölmarga fresti til 9. febrúar 1968, að bókað er í þingbók, að þeir hafi fengið sameiginlegan frest til öflunar gagna um óákveðinn tíma. Næst var þingað í málinu 14. janúar 1971 og því þá frestað til 18. febrúar s. á. Fór

þá fram munnlegur málflutningur, og málið var dómtekið. Hinn 17. marz 1971 var málið enn tekið fyrir á dómþingi og þess þá getið, að það sé endurupptekið til gagnaöflunar. Kom þá einn maður fyrir dóm, sem áður hafði gefið skýrslu í málinu, og ljósmyndir voru teknar af skipinu. Síðan gerðist ekkert í málinu fyrr en 5. apríl 1972, að það var flutt munnlega af nýju og dómtekið. Ber að víta hinn óþarfa drátt, sem orðið hefur á rekstri málsins.

Það athugast, að í héraðsdóm eru tekin upp nær orðrétt flest gögn málsins án úrvinnslu. Er þetta andstætt ákvæðum 193. gr. laga nr. 85/1936.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjendur, Kaupfélag Suður-Borgfirðinga og Samband íslenzkra samvinnufélaga, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Helga Bergþórssyni, kr. 321.628.00 með 7% ársvöxtum frá 10. janúar 1966 til greiðsludags og kr. 90.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. apríl 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Bergþór Guðmundsson, Eystra-Súlunesi, Melasveit, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur f. h. ófjárráða sonar síns, Helga Bergþórssonar, Eystra-Súlunesi, Melasveit, með stefnu, birtri 7. janúar 1967, gegn Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, Reykjavík, og Kaupfélagi Suður-Borgfirðinga til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 600.000.00 auk 1% vaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 10. janúar 1965 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt mati dómsins. Þá er þess krafizt, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Arnarfelli til tryggingar greiðslu tildæmdra krafna í málinu. Í framhaldsgreinargerð stefnanda á dskj. nr. 4, hefur hann lækkað stefnukröfuna í kr. 328.843.80. Kveður hann hina upphaflega stefnufjárhæð, kr. 600.000.00, hafa verið áætlunarfjárhæð, þar sem örorkumat og útreikningar á örorkutjóni hafi ekki legið fyrir, þegar stefnt var í málinu. Þá

er og við framangreinda lækkun stefnukröfunnar gerð sú breyting á vaxtakröfu, að krafizt er 1% á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 350.561.00 frá 10. janúar 1966 til 20. ágúst 1966, af kr. 323.308.00 frá þeim degi til 31. júlí 1967 og af kr. 328.843.80 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins. Enn fremur er krafizt, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Arnarfelli til tryggingar greiðslu til dæmdra krafna í málinu.

Í þinghaldi í málinu hinn 14. janúar 1971 hækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 454.607.00 vegna nýs útreiknings á örorkutjóni stefnanda og lækkaði jafnframt vaxtakröfuna í 7% ársvexti af kr. 474.824.00 frá 10. janúar 1966 til 20. ágúst sama ár og sömu ársvexti frá 21. ágúst 1966 af kr. 447.572.00 til 31. júlí 1967 og sömu ársvexti af kr. 474.607.00 frá þeim degi til greiðsludags. Samþykktu lögmennt hinna stefndu, að breytingar þessar á kröfum stefnanda kæmust að í málinu án framhaldsstefnu.

Í þinghaldi 5. apríl 1972, er málið var endanlega dómtekið, hækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 528.722.80 og krafðizt 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 10. janúar 1966 til greiðsludags. Stafar hækkun þessi af nýjum örorkutjónsútreikningi, dags. 15. desember 1971, sem lagður var fram þá.

Þá er stefnt til réttargæzlu í málinu Trolle & Rothe h/f, Reykjavík, sem umboðsaðilja váttryggjenda m/s Arnarfells, Assurance Foreningen Skuld og Samvinnutryggingum, en þar kveður stefnandi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga hafa haft ábyrgðartryggingu vegna slyss eins og þess, sem bóta er krafizt fyrir í málinu, en útgerð og eigendur m/s Arnarfells, S. Í. S., hafi haft hana hjá Assurance Foreningen Skuld. Á hendur hinum réttargæzlustefndu eru engar kröfur gerðar. Þeir hafa og eigi heldur neinar kröfur gert.

Málavöxtum er lýst svo í stefnu, að hinn 10. janúar 1965 hafi stefnandi verið að vinna í lest m/s Arnarfells við bryggju á Akranesi við að skipa upp maísfarmi. Hafi þá það slys átt sér stað, að heisi með maíspokum hafi fallið við hífingu frá efra lúguopi og lent á stefnanda, sem hafi verið niðri í lestinni, með þeim afleiðingum, að hægri lærleggur hans hafi brotnað svo og báðar pípur hægra framhandleggs. Stefnandi kveður stefnda Kaupfélag Suður-Borgfirðinga hafa átt farminn, sem verið var að skipa upp í umrætt sinn, og hafi skrifstofustjóri Kaupfélagsins, Ólafur J. Þórðarson, annazt ráðningu manna til uppskipunarinnar og ráðið m. a. stefnanda til þess starfs. Einnig hafi nefndur skrifstofu-

stjóri annazt verkstjórn við uppskipunina vegna hins stefnda kaupfélags.

Rannsókn hefur farið fram í sakadómi Akraness vegna slyss þess, sem stefnandi varð fyrir hinn 10. janúar 1966, og hófst rannsóknin samdægurs og slysið átti sér stað. Verður nú rakið það helzta, sem fram hefur komið við nefnda sakadómsrannsókn í málinu.

Heiðar Kristinsson, 1. stýrimaður á m/s Arnarfelli, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á vakt í Arnarfelli, er slysið átti sér stað, en hafi verið staddur við afturlest nr. 3. Hann kveðst strax hafa farið fram á og litið niður í lestina og hafi þá maðurinn, þ. e. stefnandi, legið í lestinni við kantinn stjórnborðsmegin og ekkert ofan á honum. Stýrimaðurinn kveðst hafa farið niður á millidekkið og séð, að stefnandi var slasaður, og hafi hann ekki verið hreyfður, en strax sent eftir lækni og lögreglu, sem komið hafi eftir mjög stuttan tíma. Stýrimaðurinn kveðst ekki vita, hvort búíð hafi verið að taka poka ofan af stefnanda, en telur það víst. Segir hann, að farið hafi verið með stefnanda strax á sjúkrahúsið. Skipað var upp úr lestum nr. 2 og 3 í einu. Stefnandi var í lest nr. 2, aftari framlest, og vann við að raða sekkjum eða pokum af maís í stroffu. Í hverri stroffu voru 10 pokar og hver poki 63.5 kg. Stýrimaðurinn kveðst hafa fengið upplýst, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að er verið var að hifa stroffu aftast í lestinni nr. 2 bakborðsmegin, hafi það viljað til, að stroffan hafi slegizt til og lent undir lúgukarminum stjórnborðsmegin og festst. Við það hafi stroffan slitnað og fallið niður í lestina. Þetta hafi verið í undirlest, sem verið var að vinna í. Stroffan hafi lent á einum verkamanninum, Helga Bergþórssyni, sem fyrr greinir. Þegar slysið hafi átt sér stað, hafi Þorleifur Björgvinsson háseti verið spilmaður, en Hafliði Guðmundsson, Akranesi, lúgumaður. Enn fremur muni bátsmaður, Hafsteinn Sigurðsson, hafa verið sjónarvottur. Stýrimaðurinn lýsir yfir, að stroffan hafi verið nýleg og ófúin, og afhenti hann hana í dóminum, eins og hún leit út eftir slysið. Stýrimaðurinn segir, að tveir flokkar hafi verið að vinna í lestinni og hafi verið fjórir í hvorum flokki.

Hafsteinn Ingvi Sigurðsson, bátsmaður á m/s Arnarfelli, hefur skýrt svo frá við sakadómsrannsókn í máli þessu, að hann hafi staðið við lestaropið, er slysið varð, og kveðst hafa séð, að heisið lenti undir efri lúgukarminum stjórnborðsmegin, en heisið hafi verið tekið úr neðri lest bakborðsmegin. Bátsmaðurinn segir, að ekkert óvenjulegt hafi verið við hífunguna, svo að hann

tæki eftir, enda komi það oft fyrir, að heisi rekist í lestarkarm. Bátismaðurinn segir, að sekkirnir úr stroffunni hafi lent ofan á manninum, án þess að stroffan leystist í sundur, en á eftir hafi maðurinn legið milli pokanna og sézt á höfuð hans og axlir. Hann kveðst strax hafa farið aftur á og náð í stýrimanninn. Bátismaðurinn athugaði stroffuna og segir, að hún hafi verið nýleg. Hann kveðst hafa séð, er maður sá, er fyrir slysinu varð, hafi verið að ganga fram lestina stjórnborðsmegin, er stroffan lenti á honum. Hann telur, að stroffan hafi slitnað í lykkjunni niður við pokana.

Þorleifur Björgvinsson, háseti á m/s Arnarfelli, hefur skýrt svo frá í sakadómi við rannsókn málsins, að hann hafi verið nýbúinn að taka við stjórn á spilinu, er slysið varð. Hann kvaðst vera vanur spilmaður. Lúgumaður, sem hafi verið Hafliði Guðmundsson, hafi gefið merki um að hífa, og kveðst Þorleifur hafa horft á lúgumanninn og hafi allt virzt ganga eðlilega. Hann segir, að sér hafi verið litið niður í lúguna og hafi hann séð á heisið við lúgukarminn stjórnborðsmegin. Þá kveðst hann hafa orðið var við dálítinn rykk og hafi stroffan slitnað og heisið fallið ofan í lestina. Hann kveðst hafa stöðvað spilið samstundis. Hann kveðst strax hafa gengið að lestaropinun og litið niður í lestina. Sá hann þá mann liggja í lestinni stjórnborðsmegin, og kveðst hann ekki muna, hvort þókar lágu að einhverju leyti ofan á honum. Hann telur, að að minnsta kosti hafi verið axlarhæð frá neðri lestar-karmi og niður á pokana, þar sem maðurinn lá.

Vilberg Helgason, starfsmaður Öryggiseftirlits ríkisins, hefur mætt í sakadómi við rannsókn málsins og skoðað stroffu þá, sem slitnaði, er slysið varð um borð í m/s Arnarfelli hinn 10. janúar 1966. Hann telur, að stroffan sé úr sísal, sverleiki að ummáli 3 enskar tommur, eða 24 mm í þvermál. Honum virtist stroffan vera dálítið lúin, en að öðru leyti óskemmd, en margslitin. Öryggisetirlitsmaðurinn segir, að leyfilegur þungi á þessari stroffu sé 625 kg samkvæmt töflu, er Öryggiseftirlit ríkisins hafi gefið út, og segir hann slitþol þessa tógs vera um 4 tonn. Þó tekur hann fram, að taflan sé miðuð við manillatóg, en sísaltóg sé nokkru veikara.

Vitnið Guðmundur Óskarsson, sem kveðst hafa verið ráðið af Kaupfélagi Suður-Borgfirðinga við uppskipun úr m/s Arnarfelli áðurgreindan dag, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið að vinna í aftari lestinni að framan og hafi verið þar þrjú gengi. Vitnið kveðst hafa unnið með Ólafi bróður sínum við að setja maíspoka í stroffu. Vitnið kveður stefnanda hafa unnið á móti Ólafi Magn-

ússyni í Belgsholti. Í þriðja genginu hafi verið Guðmundur Andrés-son á Galtalæk og Sæmundur stjúpfaðir hans, Sveinn Jóhannsson frá Akranesi og Sigurður Brynjólfsson, Gerði. Einnig hafi verið í miðri lestinni Ellert Haraldsson á Reyni, en vitnið man ekki með hverjum hann vann. Vitnið kveður þá Ellert og Sæmund hafa verið farna upp úr lestinni, þegar slysið varð. Vitnið segir, að Ólafur Þórðarson, starfsmaður Kaupfélags Suður-Borgfirðinga, hafi sagt þeim að fara til vinnu í lestinni, og segir vitnið, að hann hafi ekki eða neinn annar gefið þeim neinar leiðbeiningar eða fyrirmæli um vinnuna. Vitnið segir, að þegar stroffan slitnaði, hafi það staðið til hliðar bakborðsmegin, og var vitnið ekki að vinna. Segist vitnið hafa varazt að standa undir heisinu, meðn hift var. Vitnið segir, að einhverjir hafi verið að vinna, er stroffan slitnaði. Vitnið segir, að því hafi fundizt illa hift yfirleitt um morguninn. Það hafi verið hift mjög stíft og tekið hratt af stað og hafi ekki verið tími til að slá á stroffuna, til þess að betur strekktist á pokunum. Vitnið kveðst ekki muna sérstaklega eftir því, hvernig hift var, þegar stroffan slitnaði, því að þetta hafi ekki verið heis frá þeim bræðrunum, það hafi verið frá Helga Bergþórssyni og Ólafi Magnússyni. Vitnið segir, að heisið hafi verið aftast úr lestinni, en man ekki, hvort það var til hliðar í skipinu eða bakborðsmegin. Vitnið kveðst hafa séð, að kast kom á heisið og að það slóst undir lúgukarminn stjórnborðsmegin og hafi heisið fallið niður í heilu lagi og stroffan með, án þess að pokarnir tvístruðust, og hafi heisið lent á Helga Bergþórssyni. Vitnið kveður Helga hafa verið að leggja stroffu þarna og hafi hann verið einn, en ekki kveðst vitnið muna, hvernig hann stóð þarna eða hvort hann var álútur við vinnuna, en heisið hafi lent á hægri hlið Helga. Vitnið segir, að pokarnir hafi legið ofan á fótum Helga og upp fyrir mitti. Kveðst vitnið ásamt öðrum, sem voru þarna niðri, hafa tekið pokana strax ofan af Helga, en ekki hreyft við honum. Vitnið kveður Helga ekki hafa misst meðvitund. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt nein hróp eða köll eða séð nein merki um aðvörun, er stroffan slitnaði. Vitnið kveðst telja, að stroffan hafi slitnað í króknum á heisivírnum.

Vitnið Ólafur Jón Þórðarson, skrifstofumaður hjá Kaupfélagi Suður-Borgfirðinga, hefur skýrt svo frá í sakadómi, að það hafi f. h. Kaupfélags Suður-Borgfirðinga annast ráðningu manna til að skipa upp úr m/s Arnarfelli hinn 10. janúar 1966, meðal annars nokkra menn ofan úr sveitum. Það segir, að 9 menn hafi ver-

ið við vinnu við aftari framlest, en áður en slysið varð, hafi tveir verið farnir upp úr lestinni. Vitnið kveðst hafa verið verkstjóri við uppskipunina og hafi það gefið fyrirmæl um að láta 10 poka í stroffu í einu af maís, en í aftari framlest hafi verið eingöngu maís. Hver poki hafi verið 140 lbs., eða 63.5 kg. Vitnið kveðst ekki, áður en vinna hafi byrjað, sérstaklega hafa varað menn við hættu, t. d. að vera ekki undir heisinu, þegar híft hafi verið, en segist einu sinni hafa kallað til mannanna og beðið þá að sýna varkárni, því að það hafi komið nokkrum sinnum fyrir, að stroffan hafi dregist upp, en pokarnir orðið eftir, þar sem staðan hafi skekkzt. Vitnið segir, að Arnarfell hafi snúið stjórnborðshlið að bryggjunni og hafi skipið hallað lítið á stjórnborða, en ekki kveðst vitnið minnast þess, að alda hafi verið eða hreyfing á skipinu. Þegar slysið varð, kveðst vitnið hafa verið á dekkinu stjórnborðsmegin við spilið, framan við lestina, sem slysið varð í. Vitnið kveðst hafa verið að fylgjast með verkinu og segist þá hafa séð, um leið og það leit yfir lestina, að stroffan slóst út að lestarkarminum og slitnaði í heisivírskróknum. Hafi þá heisið fallið niður, og kveðst vitnið þá hafa heyrt hróp í ýmsum, en ekki veitt því athygli, hvort lúgumaðurinn hafi kallað aðvörunarorð. Þegar vitnið leit niður í lúguna, sá það, að pokarnir lágu ofan á Helga að neðanverðu, og voru mennirnir að ná pokunum af Helga. Vitnið segir, að Hafliði Guðmundsson hafi verið lúgumaður og hafi hann staðið stjórnborðsmegin við lúguopið. Spilmaður hafi verið skipsmaður, sem vitnið kveðst ekki þekkja. Vitnið segist hafa valið Hafliða sem lúguvörð og kveðst hafa treyst honum vel, en hann hafi lengi verið starfsmaður kaupfélagsins og aki olúbíl. Vitnið segir, að Hafliði hafi einnig skrifað það, sem skipað hafi verið upp, þ. e. talið heisin. Þá segir vitnið, að m/s Arnarfell hafi látið í té allan búnað og áhöld við uppskipunina, nema bílana. Kveðst vitnið ekki hafa sérstaklega athugað stroffurnar eða önnur áhöld, áður en verkið byrjaði. Vitnið segir, að útgerð m/s Arnarfells endurgreiði kaupfélaginu vinnulaun vegna manna, er vinna um borð í skipinu, en kaupfélagið greiði mönnunum fyrst. Kveður vitnið sitt aðalstarf hjá kaupfélaginu vera skrifstofustjórn og gjaldkerastörf, en það taki öðru hverju að sér verkstjórn, þar sem kaupfélagið hafi engan fastan verkstjóra. Vitnið segir, að vinnan hafi verið í neðri lestinni og hafi verið komin um það bil 1½ m niður fyrir neðri lestarkarm. Helgi hafi legið stjórnborðsmegin í lestinni.

Vitnið Hafliði Kristján Guðmundsson hefur skýrt svo frá við

sakadómsrannsókn í máli þessu, að Ólafur J. Þórðarson hafi ráðið sig til vinnu við uppskipunina. Það kveðst fram að kaffi, um klukkan 0930, hafa verið teljari við aftari framlest, en eftir það hafi það bæði verið teljari og lúgumaður. Áður kveður það Axel Jónsson hafa verið lúgumann. Það segist hafa þurft að telja pokana í hverju heisi fyrir sig og kveðst hafa vitað, að þeir áttu að vera 10, en þeir hafi stundum verið fleiri og hafi komið fyrir, að þeir hafi verið 11 í heisi. Það kveðst aldrei hafa verið lúgumaður áður. Það segir, að skipt hafi verið um spilmann, rétt áður en slysið varð, og hafi þetta verið annað heisið hjá síðari spilmanni. Það segir, að fyrri spilmaðurinn hafi híft rólega, og minnst vitnið þess ekki, að kast hafi komið á heisið áður eða það rekizt í lúgukarm, og vitnið minnst þess ekki að hafa stanzað hífingu. Vitnið segir, að síðari spilmaðurinn hafi híft mjög hratt, en fyrsta heisið hafi gengið beint upp og ekki fengið á sig kast. Í næsta heisi kveðst vitnið hafa verið stjórnborðsmegin við lúguopið að framanverðu. Vitnið minnst, að heisið hafi verið um það bil í miðri lest. Vitnið segist hafa gefið spilmanni merki um að hífa, og kveður vitnið spilmanninn ekki hafa híft af stað eins skarpt og í fyrraskiptið, en þó hafi þetta verið hraðari hífing en hjá fyrri spilmanninum. Þegar heisið hafi verið komið upp undir lúgukarminn, hafi allt í einu komið kast á það til stjórnborða og það engum togum skipt, að það hafi slegizt undir lúgukarminn og hafi þá stroffan slitnað og heisið fallið niður. Vitnið segist ekki hafa séð, hvar stroffan slitnaði, en telur, að hún hafi slitnað í heisivírskróknum. Vitnið kveður stroffuna hafa verið það langa, að krókurinn á heisivírnum hafi verið kominn alllangt yfir lúguopið, þegar heisið hafi fallið. Segist vitnið hafa litið niður í lúguopið, þegar stroffan slitnaði. Vitnið segir, að krókurinn á heisivírnum hafi verið kominn ca 1½ m yfir þilfar, en vitnið kveður þetta þó vera ágizkun. Vitnið kveðst hafa treyst því, þegar heisið slóst undir lúgukarminn, að spilmaður sæi, hvað væri að ske, og stöðvaði spilið. Vitnið kveðst hafa gefið merki um stöðvun í sama mund og heisið hafi slegizt undir og slitnað. Vitnið kveðst telja, að spilmaðurinn hafi tekið í landvírinn og þess vegna komið kast á heisið. Vitnið kveðst hafa litið niður í lestina, þegar stroffan slitnaði, og þá hafa séð Helga Bergþórsson í lestinni stjórnborðsmegin og hafi hann verið að beygja sig og að því er virtist að taka stroffu. Á eftir kveðst vitnið hafa séð Helga af ofanverðu, en heisið hafi legið ofan á honum að neðan. Vitnið kveður pokana ekki hafa losnað í stroffunni. Ekki minnst vitnið þess að

hafa kallað niður, þegar stroffan slitnaði. Vitnið kveðst þó oft hafa kallað til þeirra í lestinni og varað þá við að vera undir, þegar krókurinn kæmi niður eða þegar heisið fór upp. Kveðst vitnið hafa verið búíð að telja pokana í þessu heisi á leiðinni upp og hafi þeir verið 10. Vitnið kveður pokana hafa farið vel í stroffunni og engin mishleðsla hafi verið. Vitnið kveðst ekki hafa farið niður í neðri lest og skoðað stroffuna, sem slitnaði, en það kveðst hafa séð hana, er henni var kastað upp á miðdekkið, og lýsir yfir, að það sé sama stroffan og því var sýnd í dóminum. Vitnið kveður vinnu hafa fallið niður fram að mat eftir slysið, en þá hafi 2. stýrimaður komið, og segir vitnið, að hann hafi híft hægar en sá, sem var við spilið, þegar slysið varð, og hafi engin óhöpp komið fyrir eða kast á stroffu, en vitnið kveðst hafa verið lúgumaður og teljari allan daginn.

Vitnið Sveinn Jóhannsson, sem kom fyrir dóm við sakadómsrannsókn út af þessu slysi, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið ráðið af Kaupfélagi Suður-Borgfirðinga í uppskipun úr m/s Arnarfelli 10. janúar 1966. Vitnið kveðst hafa unnið í neðri lest, aftari framlest. Kveðst vitnið stundum áður hafa unnið í lest við út- og uppskipun. Vitnið segir, að hífingin hafi um morguninn verið gáleysisleg og hafi verið híft hratt og of skarpt. Segir vitnið, að venja sé að slá á stroffuna, svo að hún festist betur utan um pokana, en það hafi oft verið erfitt, þar sem svo skarpt hafi verið híft. Kveðst vitnið hafa kallað upp og fengið slakað niður til að slá á stroffuna. Kveðst vitnið hafa sagt, að það yrði að hífa hægara. Einnig tekur vitnið fram, að krókurinn og heisivírinn hafi komið oft á tíðum gáleysislega niður. Segir vitnið, að skömmu áður en slysið varð, hafi verið híft enn ógætilegra en áður. Vitnið kveðst muna eftir því, að lúgumaður hafi kallað einu sinni eða tvisvar niður og varað þá við að vera undir, þegar híft væri. Segir vitnið, að Helgi og Ólafur muni hafa staflað í stroffu þá, er slitnaði, og tekur vitnið fram, að vel hafi verið gengið frá pokunum í stroffunni, og kveðst vitnið hafa séð það á heisinu, þegar stroffan var tekin af pokunum. Vitnið kveðst hafa verið inni undir þilfarinu stjórnborðsmegin, þegar heisið féll niður. Heisið hafi verið tekið í lestinni aftanverðri og að því er vitnið minnir, heldur til stjórnborða. Vitnið segist ekki hafa séð heisið á leið upp og þá ekki, að kast hafi komið á heisið. Vitnið segir, að þeir, sem voru að vinna í lestinni, hafi allir verið eitthvað til hliðar, þegar heisið var að fara upp, en Helgi Bergþórsson hafi gengið með stroffu út í lestina frá stjórnborðshlið og verið að

leggja hana til, er heisið hafi fallið niður á hann. Vitnið tekur fram, að lítið svæði hafi verið út undir lestinni til að vera í, meðan híft var, og telur, að það hafi verið um metra inn fyrir lúgukarm. Vitnið kveður heisið hafa komið niður á Helga í einu lagi og hafi hann verið undir því fyrir neðan mitti, en heisið hafi virzt strjúkast við andlit hans. Vitnið segir, að nokkur tími hafi liðið frá því að heisið var híft og þar til Helgi fór að huga að stroffunni, og kveður vitnið það ekki óeðlilegt, að Helgi hafi talið, að heisið væri komið upp. Vitnið kveður Hafliða lúgumann hafa sagt sér síðar um daginn, að þetta heis, sem slitnaði, hafi tvisvar slegizt inn undir lúgukarminn, áður en það slitnaði. Kveðst vitnið aldrei hafa kynnt slíkri hífingu við uppskipun, eins og hafi verið þennan morgun. Þá tekur vitnið fram, að það hafi orðið vart við stroffu eftir matinn í lestinni, sams konar og þá, er slitnaði, og hafi hún verið byrjuð að slitna, en vitnið kveðst ekki hafa tekið hana frá eða kvartað yfir henni.

Vitnið Sigurbjörn Ólafur Magnússon hefur skýrt svo frá við sakadómsrannsókn út af umræddu slysi, að það hafi verið að vinna í lestinni á móti Helga Bergbórssyni, og þegar slysið hafi átt sér stað, kveðst það hafa verið inni undir bakborðsmegin. Vitnið kveðst hafa séð á eftir heisinu, þegar það var híft upp, og séð, að það slóst inn undir lúgukarminn stjórnborðsmegin. Vitnið segir, að þetta hafi gerzt mjög snögg, og telur vitnið, að það hafi verið vegna þess, að tekið hafi verið snögglega í landvírinn, en vitnið tekur fram, að það hafi ekki séð upp um lúguopið, þaðan sem það var. Vitnið segir, að Helgi hafi verið með stroffu í hendinni og verið að gera sig líklegan til að leggja hana, þegar heisið hafi fallið niður. Vitnið getur ekki um það borið, hvar Helgi var, þegar heisið var híft, eða hvaðan úr lestinni hann var að koma, þegar heisið féll á hann. Vitnið segist hafa verið að fara af stað til Helga, þegar heisið féll. Vitnið tekur fram, að því hafi fundizt hífingin vera yfirleitt glannaleg um morguninn og sláttur oftlega verið á heisinu.

Vitnið Ólafur Óskarsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið bakborðsmegin í lestinni, þegar heisið féll, og kveðst vitnið hafa séð, þegar byrjað var að hífa, en síðan eitthvað litið undan og sá næst, að það var að falla á Helga. Vitnið segist telja, að Helgi hafi fyrst verið bakborðsmegin, þegar byrjað var að hífa, en það kveðst ekki hafa fylgzt með honum eftir það, en heisið hafi fallið á Helga aftan til í lestinni stjórnborðsmegin.

Vitnið Guðmundur Andrússon kveðst hafa verið í lestinni stjórn-

borðsmegin, þegar slysið varð, og voru þar einnig Sveinn og Sigurður. Vitnið kveðst ekki hafa séð heisið, þegar það rakst í, og ekkert geta borið um hífinguna og kveðst aðeins hafa séð, þegar það féll niður á Helga. Þá hafi Helgi verið dálítið lengra úti í lestinni og nokkuð til hliðar við þann stað, sem vitnið var. Vitnið kveðst ekki geta borið um, hvar Helgi var, þegar hífingin hófst, en hann hafi ekki verið sömu megin og vitnið.

Vitnið Sigurður Jón Brynjólfsson kveðst hafa verið undir karminum stjórnborðsmegin í lestinni, þegar slysið átti sér stað, og hafi Sveinn verið þar og skammt þar frá Guðmundur, en sömu megin aftast í lestinni hafi Helgi Bergþórsson verið, þegar hífingin byrjaði. Vitnið kveðst ekki geta borið um hífinguna og segist ekki hafa séð, að heisið slóst undir karminn. Vitnið segist hafa heyrt hróp og er það hafi litið aftur í lestina, hafi það séð heisið falla á Helga Bergþórsson aftan til í lestinni stjórnborðsmegin. Vitnið segir, að mjög þröngt hafi verið þarna í lestinni við vinnuna og hafi þurft að beygja sig inn undir karminn til þess að vera í vari, á meðan híft hafi verið. Vitnið segir, að pokarnir hafi farið vel í stroffunni, sem féll niður. Vitnið kveðst nokkrum sinnum hafa unnið í lest við uppskipun og útskipun. Segir vitnið, að það hafi yfirleitt verið híft stíft um morguninn og stundum varla verið tími til að slá í stroffuna til festingar og hafi það nokkrum sinnum komið fyrir, að pokar hafi fallið úr stroffu, þegar heisið hafi verið að lyftast. Vitnið tekur fram, að því hafi fundist furðu langur tími, frá því að heisið hvarf upp og þar til það féll niður og vitnið heyrði hrópin. Segist vitnið hafa álitnið, að heisið væri komið upp og út frá lest.

Vitnið Axel Jónsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi við rannsókn út af umræddu slysi, að það hafi verið lúgumaður fyrsta hálf tímamann við aftari framlest við uppskipun úr Arnarfelli. Vitnið kveðst, þegar slysið varð, hafa verið statt hjá spilmanninum við þá lest og hafi staðið stjórnborðsmegin við lestina. Vitnið kveðst hafa verið þarna, af því að hlé hafi verið á vinnu við afturlest, þar sem vitnið var að vinna. Vitnið kveðst hafa séð lítið ofan í lestina, en hafa séð heisivírskrókinn og stroffuna að ofan, en ekki séð pokana. Vitnið segist hafa séð, að spilmaður stöðvaði spilið, og segist vitnið hafa séð það á heisisvírnum, að heisið slóst undir karminn stjórnborðsmegin. Vitnið kveðst þá hafa séð, að heisið fór aftur frá karminum, og hífði þá spilmaðurinn aftur, en heisið hafi þá slegizt aftur undir karminn og hafi þá stroffan slitnað og fallið niður. Vitnið kveðst hafa litið niður í

lestina og þá séð, að menn voru að taka poka ofan af Helga. Vitnið fór þá strax að beiðni Ólafs Þórðarsonar til að ná í sjúkrahús. Vitnið segist ekki vera vant að stjórna spili, en um stund fyrir hádegi hafi það unnið á sams konar spili og þarna var og þá með öðrum manni. Segir vitnið, að á spilinu séu tvö stjórn hjól og heldur, að annað sé fyrir landvír og hitt fyrir heisivír og hafi þeir verið við sitt hvort hjólið.

Stefnandi Helgi Bergþórsson hefur skýrt svo frá við sakadómsrannsókn út af umræddu slysi, að þegar híft hafi verið, hafi hann verið stjórnborðsmegin undir lúgukarminum, aftan til. Stefnandi kveðst hafa séð, þegar heisið hafi verið híft af stað, en síðan hafi það ekki sézt, þaðan sem hann var. Stefnandi segist hafa verið hálfboginn undir karminum og hafa verið þarna einn. Eftir nokkurn tíma, þegar stefnandi kveðst hafa talið, að heisið væri komið upp, kveðst hann hafa tekið stroffu, sem lá þarna hjá honum. Stefnandi segist hafa verið búinn að taka svo sem eitt skref fram fyrir lestarkarminn, þegar heisið hafi fallið á hann. Hann segist ekki hafa haft tíma til að líta upp og segist engin aðvörunarmerki eða hróp hafa heyrt um, að neitt væri í ólagi. Stefnandi tekur fram, að þetta hafi gerzt svo snögglega og í sama mund og hann kom út undan karminum, að hann hafi ekki haft tíma til að gæta að heisinu, eins og hann hafi verið vanur. Stefnandi kveðst áður hafa unnið í lest við upp- og útskipun og við svona vörur. Stefnandi tekur fram, að honum hafi fundizt hífingin skrykkjótt og hafi þó losnað úr stroffum, þar sem ekki hafi verið tími til að herða nægilega að stroffunni.

Hafa nú verið raktar yfirheyrslur, sem áttu sér stað í sakadómsrannsókn vegna umrædds slyss.

Við framhaldsrannsókn í málinu, sem fram fór fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 17. marz 1971, kom fyrir dóminn sem vitni Heiðar Bergþór Kristinsson, en það kveðst hafa verið 1. stýrimaður á m/s Arnarfelli, þegar umrætt slys átti sér stað, og kveðst vitnið muna eftir atvikum í stórum dráttum. Vitnið segir, að lúguopið á aðalþilfari hafi verið allt opið við uppskipunina á Akranesi og einnig á millidekki. Kveður vitnið hafa verið unnið í undirlest nr. 2, þ. e. a. s. fyrir framan tanka. Vitnið segir, að við uppskipunina á Akranesi hafi verið unnið til hliðanna undir lestinni og fram. Kveður vitnið sig minna, að millidekkið hafi verið alveg tómt í annarri lestinni, en Akranes hafi verið fyrsta höfnin, sem losað hafi verið úr undirlestinni. Vitnið segir, að hásetinn, sem verið hafði á spilinu, hafi verið búinn að vera um eitt ár á skip-

inu og hafi hann þann tíma unnið jöfnum höndum á spilinu, en nafn hans sé Þorleifur Björgvinsson. Vitnið kveðst ekki hafa verið viðstatt, þegar slysið átti sér stað, og því ekki séð til spilmannsins, hvernig hífingar voru hjá honum, en áðurgreindur spilmaður hafi verið nýtekinn við, þegar slysið átti sér stað. Vitnið kveður það vera algengt, að einn maður stjórni báðum vindunum. Vitnið kveðst ekki muna, hvar lóð bómunnar hafi verið, en kveðst telja fullvíst, að það hafi verið yfir miðjum lúgukarmi undirlestar. Vitnið segir að gefnu tilefni, að þegar spilmaðurinn standi við stjórnþæki spilanna, þá sjái hann ekki niður í undirlestina. Vitnið kveðst ekki muna, hvort hreyfing hafi verið á skipinu, þegar slysið vildi til, eða hvort það hafi hallazt, en telur þó, að það hafi ekki hallazt undan farmi. Vitnið segir, að heisið hafi komið niður í miðja lestina, er það féll. Segir vitnið, að í umrætt skipti hafi heisið verið dregið frá bakborðsafturparti, þegar híft hafi verið, og slegizt undir efri lúgukarm stjórnborðsmeglin. Kveður vitnið það vera venjulegt að hífa með þessum hætti, en ekki að stilla stilla heisið af niður í lestinni, áður en það fer upp. Kveðst þá vitnið eiga við, að ekki sé spilið stöðvað, heldur sé það híft á rólegri ferð. Vitnið kveðst telja, að orsök þess, að stroffan slitnaði, hafi verið sú, að átakið hafi orðið svo mikið, þegar heisið slóst inn undir lúgukarminn, en ekki að stroffan hafi verið léleg eða gölluð.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að slysið verði fyrst og fremst rakið til mistaka og gáleysis þeirra, sem höfðu á hendi verkstjórn umrætt sinn, svo og þeirra, sem stjórnað hafi hífingum og átt hafi að sjá um, að verkamenn í lestinni væru ekki settir í sérstaka hættu. Nánar styður stefnandi dómkröfur sínar eftirgreindum rökum: Í *fyrsta lagi*, að um hafi verið að ræða óforsvaranlegan útbúnað tækja, sem notuð hafi verið við uppskipunina, og auk þess hafi það athæfi verkstjórans verið óverjandi að láta hífa í hinu lúna og margslitna sísaltógi meiri þunga en leyfilegt hafi verið að leggja í ólúíð mannillatóg af sama gildleika. En mannillatóg telji starfsmaður Öryggiseftirlitsins sterkara en sísaltóg. Hér hafi því verið um slæman útbúnað að ræða og mistök í verkstjórn, sem stefndu beri tvímælalaust solidaríska fébátaábyrgð á án tillits til þess, hvernig bótaábyrgð hinna stefndu sé hátt að innbyrðis.

Í *öðru lagi* kveður stefnandi hafa átt sér stað alvarleg mistök í ráðningu lúgumanns, þar sem ráðinn hafi verið alls óvanur maður til verks, sem að allra dómi, sem til þekki, sé mjög vandasamt,

og Öryggiseftirlit ríkisins hafi séð ástæðu til að sinna sérstaklega með því að halda námskeið fyrir menn, sem ætli að gegna slíkum störfum. Kveður stefnandi orsakir slyssins einnig vera beina afleiðingu af gáleysi lúgumanns í starfi, þar sem hann gæti ekki aðvörunarskyldu við þá menn, sem í lestinni hafi unnið, þegar ólag hafi verið komið á hífinguna. Á þessu gáleysi lúgumanns beri stefndu fulla fébótaábyrgð samkvæmt almennum skaðabóta-reglum.

Í þriðja lagi kveður stefnandi hafa verið um að ræða alvarleg mistök hjá spilmanninum, sem hífði í umrætt sinn, en hann hafi verið háseti á m/s Arnarfelli. Hann hafi ekki fylgzt með hífingunni eins vel og hann hafi haft aðstöðu til. Auðvelt hafi verið fyrir hann að sjá, hvernig hífingin gengi, þar sem hann hafi staðið við spilið, hefði hann sýnt tilhlýðilega aðgæzlu. Auk þess hafi honum orðið á þau stórfelldu mistök að hífa í landvírinn, áður en heisið hafi verið komið upp úr lúguopinu, en við það hafi heisið slegizt undir lúgukarminn. Þá sé það og sannað, að spilmaðurinn hafi híft að öðru leyti illa og gálauslega. Á öllu þessu gáleysi spilmannsins beri stefndu fébótaábyrgð.

Varðandi hina solidarisku ábyrgð stefndu tekur stefnandi þetta fram: Hann kveður vera upplýst, að skrifstofustjóri Kaupfélags Suður-Borgfirðinga, Ólafur Þórðarson, hafi ráðið stefnanda til umrædds starfs við uppskipunina, og verði því að líta á nefnt kaupfélag sem vinnuveitanda stefnanda, enda hafi stefnandi fengið greitt fyrir vinnuna hjá því og ekki kunnugt um, að neinn annar aðili hafi verið vinnuveitandi sinn í umrætt sinn. Þá hafi umræddur Ólafur Þórðarson og annazt verkstjórnina á staðnum á vegum kaupfélagsins. Beri því kaupfélagið fébótaábyrgð í máli þessu sem vinnuveitandi stefnanda. Stefndi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga hafi hins vegar, þegar til Samvinnutrygginga hafi verið leitað um greiðslur upp í bætur til stefnanda, látið benda á Samband íslenzkra samvinnufélaga sem eiganda m/s Arnarfells sem réttan aðilja að dómi þessum til að svara fyrir ábyrgð gagnvart margnefndu slysi. Hafi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga látið framkvæma uppskipunina í umboði Sambands íslenzkra samvinnufélaga, sem sé og útgerðaraðili skipsins. Útbúnað allan við uppskipunina hafi m/s Arnarfell látið í té, nema bílana. Vegna umræddra upplýsinga hafi verið talið rétt að stefna og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga í máli þessu jafnframt því sem telja verði fébótaábyrgð S. Í. S. byggjast sjálfstætt á því, að slysið megi rekja til mistaka skipverja m/s Arnarfells í starfi, eða að

minnsta kosti háseta þess, sem verið hafi við spilið, en samkvæmt 8. gr. laga nr. 66/1963 beri útgerðarmaður ábyrgð á tjóni því, sem skipshöfn eða aðrir, sem vinna í þágu skips, hafi valdið í starfi sínu með yfirsjón eða vanrækslu.

Loks kveður stefnandi sjóveðréttarkröfu málsins byggjast á 4. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963.

Stefndi Samband íslenzkra samvinnufélaga reisir sýknukröfu á því, að slys það, sem stefnandi hafi orðið fyrir við uppskipun úr Arnarfelli, sem mál þetta fjallar um, hafi skeð eingöngu vegna óvarkárni stefnanda stjálfs. Hann hafi verið niðri í þröngri lest skipsins að leggja poka í stroffu, sem síðan hafi átt að lyfta upp á þilfar. Í stað þess að standa inni undir lestarkarmi skipsins, eins og samverkamenn hans hafi gert, þar til byrðin væri komin upp á þilfar örugglega, þá hafi hann gengið út á lestargólfíð, lagt þar nýja stroffu niður og beygt sig yfir hana til þess að láta poka í næstu byrði án þess að hafa áður gengið úr skugga um, að fyrri byrðin væru komin upp. Stefnandi hafi verið vanur uppskipun og því átt að vera fullljóst, hver hætta gat stafað af þessu framferði hans. Þá reisir stefndi Samband íslenzkra samvinnufélaga og sýknukröfu sína á því, að þótt fleiri kunni að hafa átt sök á slysi því, er stefnandi varð fyrir, þá hafi það að minnsta kosti ekki verið maður eða menn, er Samband íslenzkra samvinnufélaga átti að bera ábyrgð á, heldur trúnaðar- og starfsmenn meðstefnda, Kaupfélags Suður-Borgfirðinga. Forstjóri þess félags hafi staðið fyrir uppskipun í umrætt sinn og ráðið menn til starfsins að eigin vali. Meðal þeirra hafi verið lúgumaður, sem upplýst sé í málinu, að hafi verið óvanur slíku starfi, og verði það að teljast varhugaverð ráðstöfun af hálfu umboðsmanns meðstefnda að velja óvaning til slíks starfs, sem sé mjög áriðandi í sambandi við slíkar uppskipanir og geti valdið slysi, ef aðgæzla sé eigi viðhöfð. Lúgumaðurinn hafi að sjálfsögðu átt að fylgjast nákvæmlega með gangi byrðarinnar og gera öllum aðvart, er í hættu gætu verið vegna hennar. Þetta muni lúgumaðurinn hafa vanrækt og geti það talizt hafa verið meðorsök að slysinu. Þá er því af hálfu stefnda Sambands íslenzkra samvinnufélaga mótmælt sem ósönnuðu, að vindumaðurinn hafi tekið í landlínuna eða að honum verði á nokkurn hátt kennt um þetta slys.

Varakröfu sína um lækkun stefnukröfunnar kveðst stefndi Samband íslenzkra samvinnufélaga reisa á því, að fjárhæð sú, sem krafizt er, sé of há. Í öðru lagi kveðst stefndi Samband íslenzkra samvinnufélaga reisa lækkunarkröfu sína á því, að þótt um ein-

hverja sök kunni að verða talið vera að ræða af hálfu vindumanns, þá geti það eigi verið nema lítill hluti sakarinnar allrar miðað við sakir stefnanda og meðstefnda, Kaupfélags Suður-Borgfirðinga.

Stefndi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga kveðst eindregið mót mæla því, að nokkur grundvöllur sé til þess, að honum verði gerð fébótaábyrgð á umræddu slysi. Að því leyti sem um fébótaábyrgð kynni að vera að ræða, hljóti hún að falla á meðstefnda, eiganda skipsins, einan. Stefndi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga styður sýknukröfu sína nánar þeim rökum, að það sé í ljós leitt með efnislega samhljóða vitnisburðum margra vitna, að hífingu um morguninn hafi verið mjög áfátt. Henni hafi stjórnað starfsmaður skipsins undir stjórn 1. stýrimanns, sem hafi verið á skylduverði um borð í skipinu. Trúnaðarmaður stefnda Kaupfélags Suður-Borgfirðinga um borð í skipinu hafi ekkert verkstjórnarvald haft yfir þessum manni. Hann hafi algerlega unnið á ábyrgð skips-eiganda. Auk þess að hífa glannalega sé sýnt, að þessum starfsmanni meðstefnda hafi orðið á þau hrapalegu mistök að toga í landvírinn, meðan vindubyrðin hafi verið á leið upp úr lestinni. Fari eigi milli mála, að slysið sé af öðrum þæði að rekja til gáleysislegra vinnubragða þess starfsmanns skipseiganda. Í annan stað hafi sú vanræksla verið höfð í frammi af hálfu skipverja að leggja til við uppskipunarvinnuna lúna og margslitna stroffu, sem auk þess hafi tæplega haft nægilegt burðarþol, þótt algerlega hefði hún verið óslitin. Þess hafi engin von verið, að trúnaðarmaður stefnda Kaupfélags Suður-Borgfirðinga um borð í skipinu gæti varazt þetta. Hann hafi að sjálfsögðu átt að mega treysta því fullkomlega, að öll tæki og allur búnaður við uppskipunina, sem skipseigandi hafi látið í té, væri í fullkomnu lagi frá öryggis-sjónarmiði. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda Kaupfélags Suður-Borgfirðinga, að það sé alveg út í hött að væna verkstjóra hans um vanrækslu í sambandi við val lúguvarðar. Þá sé það reginmisskilningur, að sérkunnátta eða þjálfun þurfi til að koma, svo að um fullnægjandi rækslu þess starfs geti verið að ræða. Þyki sönnu nær, að slíkur maður þurfi að hafa ríka ábyrgðartilfinningu og vera traustur og athugull. Það hafi einmitt verið með tilliti til slíkra eiginleika, að verkstjóri stefnda Kaupfélags Suður-Borgfirðinga hafi valið lúguvörðinn. Það hafi verið reyndur starfsfélagi hans við kaupfélagið, sem hann vissi af reynslu að mátti treysta til þess ábyrgðarstarfs. Það sé heldur ekkert, sem bendi til þess, að lúguvörðurinn hafi brugðizt starfsskyldum sín-

um. Það sé viðurkennt af verkamönnum í lestinni, að hann hafi, áður en slysið varð, kallað til þeirra aðvörunarorð, hann hafi staðið á réttum stað við lúguna, meðan hífið hafi verið upp stroffan, sem niður féll, en hann hafi fylgzt með þeirri hífingu, svo sem honum bar, en það hafi á engan hátt verið á hans valdi að betrumbæta hífinguna eða koma í veg fyrir mistök vindumanns við stjórn togvindunnar.

Sem rökstuðning við varakröfu sína um lækkun stefnufjárhæðarinnar tekur stefndi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga fram, að sú krafa sé sumpart reist á því, að stefnandi hljóti sjálfur að verða að bera verulegan hluta tjónsins vegna slyssins, þar sem hann hafi að nokkru valdið því sjálfur með ógætni sinni. Sú ógætni hafi falizt í því, að stefnandi hafi farið undir lúguna, meðan vindubyrðin hafi verið á leið upp. Slíkt hafi verið stórhættulegt, þar sem ávallt megi búast við því, að einn eða fleiri pökar falli niður úr stroffu eða jafnvel stroffan öll. Hér hafi verið um svo augljósa og brýna hættu að ræða, að stefnanda hafi átt að vera hún vel ljós, sérstaklega þó þegar þess er gætt, að hann hafi verið vanur uppskipunarvinnu, auk þess sem hann hafi verið varaður við hættunni og séð starfsfélaga sína allt um kring varast þessa hættu með því að vera í vari. Það geti því eigi farið hjá því, að stefnandi verði sjálfur að bera drjúgan hluta tjónsins af völdum slyssins vegna þessa mikla gáleysis. Varakröfuna kveður stefndi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga sumpart á því reista, að tjón stefnanda af völdum slyssins sé allt of hátt áætlað í sóknargögnum.

Dómendur hafa farið á vettvang. Skipið er búið tveggja bómu kerfi, þ. e. eitt spil er fyrir hvora bómu, lásað á milli, þannig að bóma, sem snýr yfir lest skipsins, hífir upp vöruna, en hin bóman er yfir viðtökutæki á bryggju. Á milli stjórntækja spila eru 140 cm.

Það er samhljóða álit hinna sérfróðu meðdómenda, að mikla reynslu þurfi til af einum manni við þessar aðstæður að stjórna hífingu með báðum spilum. Eins og fram kemur í vitnaframburðum, virðist hífing í umrætt sinn hafa verið hraðari en eðlilegt megi teljast að dómi hinna sérfróðu meðdómenda, og hafði þó spilmaður næga útsýn yfir hreyfingu heisisins. Með þessu telur dómurinn, að spilmaðurinn hafi ekki gætt þeirrar varúðar, sem ætlazt varð til af honum, og verður slysið að hluta rakið til þeirra vangæzlu hans, en á þeirri vangæzlu ber stefndi Sambandi íslenzkra samvinnufélaga fébótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Stefndi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga tók að sér uppskipun á vörunum úr umræddu skipi og réð til þess starfsmenn. Meðal þeirra var lógumaður, sem leiðbeinir spilmönnum við upphígingu vara úr skipinu. Auk þess var þeim sama manni falið að telja vörurnar, sem skipað var upp. Hvort þessara starfa fyrir sig krefst fullkominnar aðgæzlu, og með því að fela sama manninum þessi mikilvægu störf, sem sjálfsagt þykir að fela tveimur mönnum, telur dómurinn, að lógumaðurinn hafi ekki með tilliti til framanskráðs getað, svo öruggt væri, fullnægt þeim starfsskyldum, sem af honum mátti krefjast, og til þess megi rekja orsakir slyssins að hluta, en að því leyti ber stefndi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga fábótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Hins vegar er fram komið, að stefnandi hafði áður unnið sams konar störf, og með tilliti til þess þykir hann eigi sjálfur hafa sýnt þá aðgæzlu, sem krefjast verður, með því að ganga fram undan lógukarminum án þess að fullvissa sig um, að heisið væri komið upp úr lestinni. Þykir hann af þessum sökum eiga að bera hluta sakar, er dómurinn telur eigi að nema $\frac{1}{5}$.

Stefnandi sundurliðar nú kröfur sínar sem hér segir:

1. Bætur vegna tímabundinnar örorku:

a) Vinnutekjutap 1. árið eftir slysið, áætlaðar vinnutekjur	kr. 130.621.00
Frá dragast:	
Atvinnutekjur	kr. 75.795.00
Bætur vinnuveitanda	— 2.131.20
Bætur Tryggingastofnunar ríkisins	— 25.121.00
	Kr. 27.573.80

b) Vinnutekjutap 2. árið eftir slysið, $\frac{2}{3}$ af áætluðum vinnutekjutapi þ. á.	kr. 13.632.00	kr. 41.205.80
2. Bætur vegna varanlegrar örorku	—	444.682.00
3. Bætur vegna þjáninga, óþæginda og lýta	—	35.000.00
4. Kostnaður vegna örorkumats	—	2.000.00
5. Kostnaður vegna örorkutjónsútreiknings	—	4.800.00

6. Kostnaður vegna læknisvottorðs kr. 1.035.00

Kr. 528.722.80

Páll Gíslason læknir hefur lýst meiðslum stefnanda og læknis-meðferð, og er vottorð hans fellt inn í örorkumat Páls Sigurðssonar læknis, sem lagt hefur verið fram sem dómsskj. nr. 5 í málinu og hljóðar svo:

„Reykjavík 19/6 1967.

Ö R O R K U M A T

Helgi Bergþórsson, verkamaður, f. 6/4 1946, til heimilis að Eystra-Súlunesi, Melahr., Borg.

Vinnuslys 10. jan. 1966.

Slysið varð með þeim hætti, að slasaði, sem vann í lest m/s Arnarfells við affermingu skipsins, varð fyrir maísmjölsekkjum, er féllu ofan í lestina. Slasaði var fluttur á Sjúkrahús Akraness, og í vottorði Páls Gíslasonar læknis frá 5/2 1966 segir, að um hafi verið að ræða brot á hægri lærlegg og brot á hægri framhandlegg (fract. femoris dx. et. fract. antibrachii dx.). Slasaði lá á Sjúkrahúsi Akraness frá slysdegi til 8. maí 1966, og það liggja fyrir vottorð Páls Gíslasonar um slysið og meðferðina, og eru þau vottorð svohljóðandi:

„2/2 1966.

Hér með vottast, að hinn 10/11 1966 var komið með Helga Bergþórsson, Eystra-Súlunesi, Melasveit, hingað á Sjúkrahúsið.

Hafði hann orðið fyrir slysi við uppskipunarvinnu þá rétt áður.

Við skoðun hér kom í ljós, að brotinn var hægri lærleggur nokkuð fyrir neðan miðju og báðar pípur í hægri framhandlegg um 7 cm. fyrir ofan úlnlið. Sjúklingurinn var allmeðtekinn við komu, en ekki að öðru leyti slasaður. Strax eftir komu hér var gerð aðgerð á honum og spengdur lærleggurinn, en framhandleggsbrotið sett saman.

Nokkrum dögum síðar kom í ljós, að framhandleggsbrotið hafði skriðið til, og þurfti því 27/1 að gera aðgerð á því broti og spengja það líka.

Sjúklingurinn liggur nú í gipsi á hægri handlegg og mjaðmagipsi. Má búast við, að 3—4 mánuði taki að græða brotin, en sjúkl-ingur verður óvinnufær 7—8 mánuði frá erfiðisvinnu.“

„12/12 1966. Framhaldsvottorð

Í framhaldi af vottorði 2. febr. 1966 viðvíkjandi slysi Helga Bergþórssonar, Eystra-Súlunesi, Melasveit, er eftirfarandi vottorð gefið:

Helgi lá hér á sjúkrahúsinu til 4/5 1966. Brotin gréru heldur í seinna lagi, en þó ekki óeðlilega. Gipsumbúðir voru teknar 22/4 og sjúkl. fékk æfinga terapi um skeið. Var í góðri framför, þegar hann fór heim og gat bjargað sér. Honum fór síðan ágætlega fram hvað gang og notkun handarinnar snerti.

Í júlímánuði fór hann að vinna léttu vinnu part úr degi, sem smám saman jókst, og í september fór sjúkl. að vinna léttu vinnu allan daginn, sem hann gerir enn.

Við skoðun í dag kemur eftirfarandi í ljós:

Hægri framhandleggur: Heldur ljótt ör, 8 cm. langt, er á framhandlegg. Rýrnun er töluverð á musc. extensor carpi radialis. Hreyfingar eru nánast eðlilegar, en sjúkl. þreytist fljótt, ef hann þarf að beita hendinni.

Hægri ganglimur: Ör eru 2 á læri og mjöðm utanvert, sæmlega útlitandi. Hreyfingar eru óhindraðar og limir jafnlangir. Rýrnun allmikil á vöðvum hægra læris, mælist 20 cm ofan við hnéskel bg. læra vera um 1½ cm minna ummál á hægra en vinstra læri. Nokkur eymsli eru við mjöðm, þar sem stálnaglinn stendur út úr mjaðmarhnútunni. Sjúklingur gengur óhaltur.

Niðurstaða:

Sjúklingur er í öruggum, en hægum afturbata eftir hið alvarlega slys sitt. Rýrnun á vöðvum ætti að minnka smám saman eftir því sem vinnuhæfni vex.

Sjúkl. er með stálnagla í lærbeini og spöng og skrúfur í geisla-beini. Þetta þarf að fjarlægja, og er það ráðgert í byrjun janúar. Jafnframt gefst þá tækifæri til að laga örið á framhandlegg, sem er til lýta.

Varla verður hægt að meta, hvort um varanlega örorku verður að ræða fyrr en í vor að fyrsta lagi.“

„13/5 1967.

Í framhaldi af vottorði 12. des. 1966 er gefið vottorð viðvíkjandi afleiðingum slyss Helga Bergþórssonar, Eystra-Súlunesi, Melasveit.

Skoðun fór fram 17/4 1967:

Sjúklingur lá á Sjúkrahúsi Akraness frá 12/1 1967—23/1 1967 og voru þá teknir:

- a) nagli úr lærlegg.
- b) skráfur og spöng úr geislabeini, um leið og reynt var að laga ör á húð.

Síðan hefur verið vaxandi bati og nánast albata nema eftirfarandi:

- 1) Ör, eins og áður er lýst, en lítur töluvert betur út á handlegg en áður.
- 2) Vöðvarýrnun óbreytt, en engin eymsli eru nú á mjöm (naglinn farinn).

Niðurstaða:

Sjúkl. verður að teljast albata núna og vinnufær til allrar vinnu frá miðjum apríl 1967.

Vöðvarýrnun lagast við aukna áreynslu á fótinn.“

Maðurinn kom til viðtals hjá undirrituðum hinn 26/5 1967. Hann skýrir frá slysi og meðferð eins og lýst er hér að framan. Kveðst hafa orðið vinnufær hinn 20/8 1966, en lá síðan aftur á Sjúkrahúsi Akraness í janúar s.l., og voru teknar spengur og naglar úr lærlegg og framhandlegg.

Núverandi óþægindi: Kvartar um stirðleika í hægri handlim og þreytu í hægri ganglim og fæti. Hann kveðst vinna sama starf og áður.

Skoðun: Almennt ástand er eðlilegt. Gengur eðlilega og óhaltur.

Ganglimir: Það eru eðlilegar hreyfingar í liðum. Það eru ör utantil á hægri læri og yfir mjaðmarsvæði. Það er mælanleg rýrnun á hægri læri, 1½ cm 15 cm yfir hnéskel.

Handlimir: Það er ör á hægri framhandlegg nokkuð áberandi. Það er greinileg rýrnun á vöðvum framhandleggs og mælist 1—1½ cm miðað við vinstri á þykkasta stað. Það er eðlileg hreyfing í öxl og olnboga, en greinilega nokkuð minnkuð hverfihreyfing hægri megin. Sömu leiðis er fetta í úlnlið 10° minni hægri megin en vinstra megin. Grip í hönd og kraftur í gripi virðist eðlilegt og eins báðum megin.

Við athugun á röntgenmyndum, sem teknar voru í september s.l. á Sjúkrahúsinu á Akranesi, sést, að brotin eru vel gróin í góðri stöðu.

Ályktun: Hér er um að ræða 21 árs gamlan mann, sem slasaðist við vinnu sína fyrir um það bil einu og hálfu ári. Við slysið hlaut hann brot á hægri lærlegg og hægri framhandlegg, og var gert að brotunum á Sjúkrahúsinu á Akranesi. Brotin greru mjög vel, og maðurinn var vinnufær um það bil 8 mánuðum eftir slysið.

Sem afleiðing meiðslisins nú þá hefur maðurinn nokkurn stirð-

leika í hægri handlim og þreytist í hægri ganglim og fæti. Við skoðun er að finna vöðvarýrnun bæði á handlim og ganglim og nokkra stirðnun í hægri ganglim.

Auk þess hefur maðurinn ör á hægri framhandlegg, læri og mjöðm eftir skurðaðgerðir.

Vegna slyssins þá verður að telja, að maðurinn hafi hlotið tíma- bundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 8 mánuði	100%	örorka
Í 2 —	75%	—
Í 2 —	50%	—
Í 3 —	25%	—
Í 3 —	15%	—

og síðan varanleg örorka 10%“.

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir athugaðir nánar.

Um 1.—2. lið, bætur vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku.

Stefnandi var 21 árs (sic) að aldri, þegar hann varð fyrir umræddu slysi. Hann hefur fengið sérfróðan mann um trygginga- mál til að reikna út tjón það, sem hann hefur beðið vegna slyss- ins, og leggur hann útreikning tryggingafræðingsins til grund- vallar bótafjárhæð samkvæmt þessum lið, en útreikningurinn er m. a. grundvallaður á framanskráðu örorkumati og hljóðar svo:

„Hafnarfirði, 31/7 1967.

Hr. hrl.,

Árni Gunnlaugsson,

Austurgötu 10,

Hafnarfirði.

Örorkutjón Helga Bergþórssonar, Eystra-Súlunesi,

Melasveit, vegna slyss 10. jan. 1966.

Páll Sigurðsson, tryggingayfirlæknir, hefur í örorkumati, dags. 19. júní 1967, metið orkumissi Helga Bergþórssonar vegna slyss 10. jan. 1966 þannig:

Í 8 mánuði	100%	örorka
„ 2 —	75%	—
„ 2 —	50%	—
„ 3 —	25%	—
„ 3 —	15%	—

Síðan varanleg örorka 10%.

Helgi er sagður fæddur 6. apríl 1946 og hefur samkvæmt því verið 19 ára á slysdegi.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Helga árin 1964—1965 hafa vinnutekjur hans, tekjur samkvæmt landbúnaðarskýrslu og hlunnindi síðustu þrjú almanaksárin fyrir slysið verið þessi:

Árið 1963	kr. 58.856.00
— 1964	— 111.364.00
— 1965	— 109.743.00

Hér er um ungan bóndason að ræða, sem unnið hefur á búi föður síns, haft sjálfur nokkurn bústofn og unnið ýmsa verkamannavinnu. Ég tel mjög hæpið að leggja þessar tekjur til grundvallar framtíðarvinnutekjuáættun vegna ungs aldurs Helga og erfðleika við að meta vinnutekjur á grundvelli tekna samkv. landbúnaðarskýrslu og hlunnindatekna. Slysið var við verkamannavinnu, og tel ég því eðlilegast að áætla honum framtíðarvinnutekjur með hliðsjón af meðalvinnutekjum verkamanna.

Frá slysdegi til 22. afmælisdags er gert ráð fyrir 47½ vinnuviku á ári með 44 dagvinnustundum og 10 eftirvinnustundum á texta Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu að viðbættu 7% orlofi. Frá og með 28. aldursári er gert ráð fyrir meðalatvinnutekjum kvæntra verkamanna samkvæmt úrtakstölum Efnahagsstofnunarinnar. Þær námu árið 1965 kr. 177.828.00, og umreiknaðar til kauplags í dag reiknast mér þær nema kr. 221.350.00. Geri ég þá ráð fyrir, að atvinnutekjur 1966 verði 19% hærri en 1965, en Efnahagsstofnunin hefur gert bráðabirgðaúrtaksrannsókn á brúttótekjum allra stétta 1966, og reyndust þær 19% hærri en 1965.

Grunnkaups- og vísitöluhækkanir frá árinu 1966 til 1967 reiknast mér nema 4.6%. Hækkuninni á tekjum frá 22. aldursári til 28. aldursárs er skipt jafnt á árin þar á milli.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar er einnig sýnt áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 130.621.00	kr. 113.581.00

2.	—	—	—	kr. 136.319.00	kr. 20.448.00
3.	—	—	—	— 147.105.00	— 14.710.00
4.	—	—	—	— 161.227.00	— 16.128.00
5.	—	—	—	— 175.449.00	— 17.545.00
6.	—	—	—	— 189.621.00	— 18.962.00
7.	—	—	—	— 203.792.00	— 20.379.00
8.	—	—	—	— 217.964.00	— 21.796.00
síðan árlega				— 221.350.00	— 22.135.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 122.000.00
— varanlegrar	— kr. 247.103.00

Kr. 369.103.00

Hér hefur ekki verið gerður frádráttur vegna greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins né vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt sænskri reynslu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Þórðarson.“

Vegna verðlagsbreytinga hefur örorkutjón stefnanda verið endurreiknað 23. desember 1970 og aftur 15. desember 1971 og niðurstöðutölur hækkað úr kr. 369.103.00 í kr. 566.682.00. Reikningsgrundvöllur er hins vegar sá sami í öllum útreikningum.

Hinir stefndu hafa mótmælt þessum kröfuliðum sem of háum.

Þegar allt þetta er virt, sem að framan hefur verið rakið, og þess m. a. gætt, að eigi hefur verið reiknaður frádráttur vegna opinberra gjalda í útreikningi tryggingafræðingsins, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum liðum kr. 360.000.00, og hafa þá verið dregnar frá greiðslur frá vinnuveitanda og Tryggingastofnun ríkisins.

Um 3. lið, bætur vegna þjáninga, óþæginda og lýta.

Stefndu hafa talið fjárhæð þessa kröfuliðs full háa.

Þjúkrasaga stefnanda hefur verið rakin af læknum Páli Gíslasyni og Páli Sigurðssyni hér að framan. Samkvæmt henni og öðru því, sem hér þykir skipta máli, þykir mega taka þennan kröfulið til greina óbreyttan.

Um liði 4—6, kostnað vegna örorkumats, örorkutjónsútreiknings og læknisvottorðs.

Þessum liðum hefur ekki verið mótmælt, og verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það er hér skiptir máli, nema alls kr. 402.835.00 (kr. 360.000.00 + 35.000.00 + 7.835.00).

Frá þessari upphæð ber að draga $\frac{1}{5}$ hluta, þ. e. eigin sök stefnanda, kr. 80.567.00, og verða hinir stefndu samkvæmt framanrituðu því dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 322.268.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 10. janúar 1966 til greiðsludags.

Samkvæmt 2. tölul. 232. gr. siglingalaga nr. 66/1963 er sjóveðréttarkrafa stefnanda fyrnd, og verður hún því ekki viðurkennd.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma hina stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 42.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Emil Ágústssyni borgardómara og Sigurði Jóhannssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Samband íslenzkra samvinnufélaga og Kaupfélag Suður-Borgfirðinga, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Helga Bergþórssyni, kr. 322.268.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 10. janúar 1966 til greiðsludags og kr. 42.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
